

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli fyrir skreið á Ítalíumarkað fyrir framleiðslu alls ársins 1990 nema annað verði ákveðið.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll fyrir skreið á Ítalíumarkað fyrir framleiðslu alls ársins 1990 nema annað verði ákveðið:

Viðmiðunarverð í SDR pr. tonn cif.		
EDDA	30/40	6 305
	40/50	7 273
	50/60	9 939
	60/70	10 090
SAGA	I.P.	8 000
	I.M.	10 828
	I.G.	11 313
ASTRA		6 060

Verðbil verður 5%.

Greiðslur í sjóðinn eða úr miðast við 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði að teknu tilliti til verðbils. Verðið miðast við viðskiptagengi (skilagengi) eins og það er á hverjum tíma.

Sjávarútvegsráðuneytið, 26. apríl 1990.

F. h. r.

Gylfi Gautur Pétursson.

Kristín Magnússon.

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi Stokkseyrar 1987–2007.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 23. apríl 1990, staðfest uppdrátt af aðalskipulagi Stokkseyrar 1987–2007.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð, sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um. Hreppsnefnd Stokkseyrarhrepps hefur samþykkt hann og skipulagsstjórn ríkisins afgreitt hann til staðfestingar ráðherra.

Félagsmálaráðuneytið, 23. apríl 1990.

F. h. r.

Berglind Ásgeirsdóttir.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.